

Skólaráðsfundur 10.mars 2011

Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri setti fund kl.16.00

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Helga Guðjónsdóttir varamaður sem fulltrúi annarra starfsmanna en kennara, Vilborg Sveinsdóttir fulltrúi kennara, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra, Hreiðar Örn Zoega Stefánsson fulltrúi foreldra, Jón Pálsson fulltrúi grenndarsamfélags, Hlynur Ómarsson fulltrúi nemenda og Ásta Steina Jónsdóttir deildastjóri ritaði fundinn.

Fjölgun nemenda í leikskóladeild skólans.

Skólastjóri lét vita af því að það ætti að leggja fyrir fræðslunefnd þá hugmynd að öll 5 ára börn á Huldubergi fari sjálfkrafa yfir á leikskóladeild skólans seinasta leikskólaárið sitt. Ef einhverjir eru ósáttir við það, geta þeir óskað eftir því að barnið sitt verði áfram á Huldubergi í systkinablönduðum hópi en enginn sérstök 5 ára deild verður rekin þar ef þessar hugmyndir verða að veruleika. Foreldrum barna sem ekki búa á skólasvæði Lágafellsskóla verða boðnir nokkir valkostir.

Leikskóladeild skólans getur tekið við 45-46 börnum og er búist við því að þau verði 41-42 á næsta haust.

Skólaráð er hlynnt þessari breytingu en hefur áhyggjur af útileiksvæðinu og leggur til að starfsmenn leikskóladeildar verði hafðir með í ráðum ef geri þurfi einhverjar úrbætur á lóðinni.

Heimsóknir félagasamtaka á skólatíma

Umræður urðu um það hvernig hægt væri að leyfa þeim félagasamtökum sem vinna að tólmundastarfi barna að koma inn í skólann einhvern ákveðinn tíma og kynna starf sitt og hvaða kynningar mætti fella undir lífsleikni á elsta stigi.

Skólaráð leggur til:

- a) að reynt verði að hausti að hafa eina kynningu t.d. á laugardegi fyrir nemendur og forelda úr öllum grunnskólum Mosfellsbæjar og bjóða viðkomandi íþróttafélögum og félagasamtökum að taka þátt
- b) að þær heimsóknir og kynningar sem útiheimti veruleg fjárútlát eins og t.d. heimsóknir AFS verði haldnar utan skólatíma fyrir nemendur og bjóða foreldrum að mæta líka og kynna sér málefnið. Skólinn myndi lána húsnæði. Þær kynningar sem verið hafa í unglingsdeild, á borð við t.d. Samtökin 78, Björgunarsveitina Kyndil og forvarnastarf verði áfram hluti af lífsleikni og helst með því sniði að 9. og 10. bekkur eigi eins tíma í stundatöflu þannig að hægt verði að hafa eina kynningu á sal fyrir alla í einu.
- c) að sveitarfélagið útbúi frístundabækling með svipuðu sniði og nú kemur út að sumri nema að þessi yrði uppfærður þrisvar á ári þ.e. sumar, vetur og vor og birtur á heimasíðu Mosfellsbæjar og heimasíðum leik- og grunnskóla.

Stefna íþróttá- og tómstundanevndar

Jón Pálsson kynnti drög að stefnu íþróttá- og tómstundanevndar fyrir hópnum. Drögin verða til frekari umsjöllumar á næsta fundi.

Skóladagatal 2011-2012

Dagatal næsta skólaárs kynnt. Vetrarfríð verður viku fyrr en venjulega vegna skólaheimsókna þriggja skóla í bæjarfélaginu út fyrir landsteinana og var aðeins rætt um það að framvegis yrði reynt að hafa það alltaf á sama tíma þ.e. í síðustu viku október svo að foreldrar geti gengið út frá því sem vísam hlut þegar þeir skipuleggi fríð sitt.

Skólaráð gerir ekki athugasemdir við skóladagatalið 2011-12 og samþykkir það.

Niðurstöður PISA 2009

Niðurstöður og skýrsla um árangur nemenda fædd 1993 sem tóku PISA 2009 kynntar. Árangur nemenda var undir landsmeðaltali og mun á næstu dögum fara fram vinna innan skólans til að efla árangur nemenda á næstu árum.

Annað

Ólína vakti máls á því að nokkrir foreldrar hefðu haft samband við hana vegna þess að þeir héldu að skólinn bæri kostnað að komu erlends ljósmyndara til skólans í næstu viku og var ákveðið að senda út bréf til foreldra þar sem þeir væru látnir vita af því að svo væri ekki.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.35